

Fundargerð 104. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 1. desember 2025 klukkan 15:30 á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Kristinn Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Kristian Sveinbjörn áheyrnarfulltrúi nemenda, Hinrik Konráðsson áheyrnarfulltrúi foreldra, Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri FSN og Hermann Hermannsson mannauðsstjóri FSN sem ritaði fundargerð.

Helga Guðmundsdóttir og Thelma Harðardóttir boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar, nr. 103 borin upp. Ósk um að setja inn dagsetningu á starfameessuna í FSN.

2. Fjárhagsáætlun og rekstrarstaða.


Guðrún Jóna fjármálastjóri fór yfir stöðuna. Fjárhagsáætlun vegna ársins 2026 hefur verið skilað til ráðuneytis. Fjárhagsáætlunin er ekki samþykkt af hálfu ráðuneytis enda eru fjárlög ekki samþykkt. FSN gerir ráð fyrir að vera innan fjárlaga á árinu 2026, ef þau verða eins og drög gera ráð fyrir. Rekstrarstaða í dag er um 10 m. kr. í mínus en það er ekki búið að gera upp við stofnanir hækkun á kjarasamningum kennara sem voru samþykktar 1. apríl 2025. Eins er ekki búið að gera upp við FSN uppbætur vegna starfsbrautar og ÍSA á haustönn 2025. Staðan er fín í FSN og ætlar fjármálastjóri að leyfa sér að vona að FSN muni enda réttu megin við núllið á árinu 2025, þegar uppgjör frá mennta- og barnamálaráðuneyti hefur átt sér stað. Við erum að gera þetta vel í FSN. Ef það fer eins og á horfir þá munum við hafa efni á að auglýsa eftir aðstoðarskólameistara í vor.

3. Stefna til þriggja ára.

Hrafnhildur fór yfir stefnu skólans til þriggja ára. Stefna skólans til þriggja ára er endurnýjuð á hverju ári og nær til heildarstefnu, kjarnastarfsemi og markmiða skólans á því þriggja ára tímabili. Eldri stefnur eru aðgengilegar á síðu skólans [hér](#). Meðal markmiða er að auka gæði í FSN, fjölga nemendum við skólann, auka námsframboð, efla nýsköpun, innleiða gervigreind og fleira. Til marks um stöðu mála í nýsköpun hjá skólanum þá fékk FSN boð um að taka þátt í samsýningu framhaldsskólanna sem fer fram dagana 28. nóvember til 4. desember 2025 í nýju húsi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands ásamt 9 öðrum framhaldsskólum.

4. Sjálfsmat.


Hrafnhildur fór yfir nokkur atriði varðandi framkvæmd og hlutverk innra mats/sjálfsmats skólans sem stýrt er af gæðaráði. Það hefur verið virkt innra mat í FSN síðan 2006. Ytra mat eða úttekt á starfsemi FSN er unnin að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og fór fram á árunum 2007,



2015 og 2020, sjá nánar [hér](#). Á vef FSN má sjá ítarlegar upplýsingar um innra og ytra mat skólans, sjá [hér](#). Hermann fór svo yfir nokkur atriði varðandi það sem er búið að vera í gangi í sjálfsmati skólans og hvað er á döfinni. Nýverið voru sendar út viðhorfskannanir til staðnema annars vegar og fjarnema hins vegar, þar sem spurt er út í viðhorf til aðstöðu og kennsluhátta við skólann. Þá voru sendar út kennslumatskannanir þar sem nemendum gefst tækifæri til að meta frammistöðu allra kennara sinna. Eins heldur langtímarannsókn á gengi útskrifaðra nemenda frá skólanum áfram auk þess sem starfsfólk er um þessar mundir að svara könnun Gallup um stofnun ársins, sem kom einstaklega vel út á síðasta ári og er niðurstaðna því beðið í ofvæni.

5. Önnur mál.

- Nokkuð var rætt um heimsókn mennta- og barnamálaráðherra og fylgdarliðs hans þann 6. nóvember 2025 í FSN. Tilgangur fundarins var að kynna hugmyndir um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á framhaldsskólastigi sem felst í því að færa hluta af starfsemi framhaldsskólanna yfir á svæðisskrifstofur. Upplifun starfsfólks FSN og skólanefndar af heimsókninni var góð og góðar umræður sköpuðust. Skólanefnd og starfsfólk er samt meðvitað um að vera vakandi yfir boðuðum breytingum á fyrirkomulagi í framhaldsskólakerfinu sem ráðherra hefur boðað. Útfærsla þeirra mun skipta verulegu máli. Fjármálastjóri er uggandi yfir þeim fjármunum sem ráðuneytið er að verja í þessar kynningar og ráðningar á sérfræðingum og lögfræðingum vegna þessa samráðsferlis. Guðrún Jóna fjármálastjóri bað fulltrúa skólanefndar um að nýta samböndin, ræða við þingmenn kjördæmis og vera á verði.
- Kristian Sveinbjörn, formaður nemendafélags talaði um að nú yrði sá háttur á að ekki yrði eiginlegt árshátíðarball heldur yrði gert meira úr árshátíðinni sjálfri. Á döfinni hjá NFSN er jólaskemmtun þann 11. desember 2025. Nemendafélag FSN stendur fyrir balli fyrir nemendur á miðstigi í grunnskólum á Snæfellsnesi þann 7. desember sem er fjáröflun fyrir nemendafélagið.
- Hrafnhildur greindi frá því að í dag eru komnar umsóknir frá 77 fjarnemum og þremur eldri staðnemendum um nám á vorönn 2026.
- Hrafnhildur sagði frá heimsókn sinni, kennara og námsráðgjafa í framhaldsdeildina á Patreksfirði 25.-26. nóvember 2025, þar sem þau hittu m.a. fulltrúa í skólanefnd, Gerði Bj. Sveinsdóttur bæjarstjóra Vesturbyggðar og foreldra. Ekki hefur tekist að ráða umsjónarmann fyrir deildina, en auglýst var í sumar. Það er greinilegt að þörf er á fleiri nemendum í deildina ef það á að vera hægt að starfrækja hana í þessari mynd. Margir sækja nám annað, t.d. á Ísafjörð. Það er þó greinilegur áhugi í samfélaginu fyrir því að deildin haldist á lífi. Gerður segir almennt gott viðhorf til deildarinnar, það sé frekar að nemendur séu að horfa annað, sér í lagi þar sem fámennið er ekki að trekkja að. Það er ótti fólks að deildin deyi út. Það er mikið undir að hægt sé að bjóða upp á



framhaldsnám á svæðinu. Stemmingin virðist þó því miður vera í aðra átt hjá nemendum. Björg segir að það sé ekki traustvekjandi að deildin starfi án umsjónarmanns, það sé ekki hvetjandi til að fá nemendur í hús og grafi undan trúverðugleika deildarinnar og geri hana ekki að eftirsóknarverðum kosti fyrir nemendur. Það þurfi að leysa það sem fyrst. Hrafnhildur stefnir á að auglýsa starfið aftur frá 1. janúar 2026 og vonar að einhverjar umsóknir berist. Gerður talaði um mikilvægi þess að vera með öflugan starfskraft í deildinni eins og sýndi sig þar sem síðasti starfsmaður deildarinnar var deildinni mjög mikilvægur.

Kristinn þurfti að víkja af fundi 16:32.

- Síðast kennsludagur fyrir jólafrí er 11. desember 2025. Það verður ekki eiginleg útskriftarhátíð að þessu sinni. Kennsla á nýju ári hefst þann 5. janúar 2026.

Næstu fundir eru mánudaginn 23. febrúar 2026 og mánudaginn 13. apríl 2026 klukkan 15:30.

Fundi slitið kl. 16:37.